

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík 19. desember 2017  
UST201710-188/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Deiliskipulag - Brunnhóll**


Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 18. október sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi 10 ha landsspildu úr landi Brunnhóls og Árbæjar í Sveitarfélaginu Hornafjörður. Deiliskipulagstillagan tekur til stækkunar og breytinga á núverandi gistihúsi/íbúðarhúsi ásamt aðkomu frá þjóðvegi.


Á skipulagstillögunni kemur fram að áætlað er að stækka og breyta núverandi gistihúsi. Einnig er áætlað að gera nýja aðkomu frá þjóðvegi ásamt bílastæðum.

Áætlaðar framkvæmdir eru á þegar röskuðu svæði í grennd við bæjarhús Árbæjar og Brunnhóls. Á svæðinu eru ekki náttúruminjar á náttúruminjaskrá eða vistgerðir eða jarðminjar er falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda áætlun.

Virðingarfyllst

  
Kristin S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur